

Rangárþing eystra
Anton Kári Halldórsson,
byggingarfulltrúi
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. október 2014
Tilvísun: UST20140800128/ksj

Tillaga að aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 - 2024.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 28. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 - 2024.

Náttúruminjar

Tillaga að aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 - 2024 er afar greinargóð að mati Umhverfisstofnunar. Vel er gerð grein fyrir náttúruminum innan sveitarfélagsins og til fyrirmyndar að gert hefur verið þemakort yfir mikilvæg fuglasvæði. Athygli vekur að svæði á náttúruminjaskrá önnur en friðlýst svæði eru ekki merkt á kort, en gerð er grein fyrir þeim í texta.

Friðlýsingar á grundvelli rammaáætlunar

Lónstæði Markarfljótsvirkjana A og B liggur milli Friðlands að Fjallabaki, Mýrdalsjökuls, Tindafjallajökuls og Markarfljótsgljúfurs. Undirbúningur við friðlýsingu svæðisins hófst á fyrri hluta árs 2013, en Rangárþing eystra taldi ekki tímabært að vinna að friðlýsingu svæðisins. Í ofangreindri aðalskipulagstillögu er allt svæði innan sveitarfélagsmarka Rangárþings eystra sem er til umfjöllunar í nýju rammaskipulagi Suðurrhálendisins og innifelur ofangreint lónstæði Markarfljótsvirkjana, skilgreint sem náttúruverndarsvæði (nr. 761 á náttúruminjaskrá), og hverfisverndarsvæði Hv - 624. Ákvæði hverfisverndar eru á þá leið að hefðbundnar nytjar s.s beit og veiðar haldast eins og verið hefur en mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki og þess jafnan gætt að hún leiði til eins lítillar röskunar á umhverfi og lífríki og kostur er. Umhverfisstofnun tekur undir hverfisvernd svæðisins. Umhverfisstofnun bendir ennfremur á að ekki er tekin skýr afstaða til orkumannvirkja og bendir á að skv. 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun er verndar- og orkunýtingaráætlun bindandi við gerð skipulagsáætlana. Í 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun segir: *"Verndar- og orkunýtingaráætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana. Sveitarstjórnir skulu samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og orkunýtingaráætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar, sbr. þó 2. mgr."*

Vegakerfi á hálendinu

Umhverfisstofnun bendir á nauðsyn þess að skoðað verði hve mikla umferð Þórsmörk þolir áður en opnað verður fyrir umferð yfir göngubrú í Þórsmörk. Stofnunin bendir á að við opnun göngubrúar í Þórsmörk opnast tvær leiðir inn á náttúruminjasvæðið og bendir stofnunin á þá hættu að álag verði mögulega of mikið á gróður og náttúruminjar. Þar af leiðandi sé mikilvægt að skoða hvort telja þurfi inn á svæðið og takmarka aðsókn miðað við vissan fjölda á hverjum tíma. Einnig gæti of mikill fjöldi gesta á svæðinu í einu, haft áhrif á verndargildi svæðisins og útivistargildi og haft þau áhrif að upplifun gesta verði ekki söm og áður. Varðandi umhverfismat göngubrúar yfir Markarfljót yfir í Þórsmörk telur Umhverfisstofnun að framkvæmdin muni hafa áhrif á náttúrufar og verndarsvæði, þar sem að fjöldi gesta kemur til með að aukast mikið og þar með álag á svæðið.

Fráveita


Í umfjöllun um fráveitu kemur fram að fráveitumál eru góð á Hvolsvelli, í Fljótshlíð og í Landeyjum, en misjöfn undir Eyjafjöllum. Umhverfisstofnun bendir á að til þess að fá öll fráveitumál sveitarfélagsins í gott horf er mikilvægt að vera með tímasett markmið í aðalskipulagsáætlun. Sjá reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp með síðari breytingum, ekki síst kröfur um hreinsun er koma fram í reglugerð nr. 450/2009 um breytingu á reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Þéttbýli

Fram kemur í upphafi greinargerðar að auk þéttbýliskjarnans á Hvolsvelli sé einnig skilgreint þéttbýli á Skógum undir Eyjafjöllum. Á Skógum er vaxandi ferðaþjónusta og hefur verið skilgreindur reitur fyrir verslun og þjónustu sem liggur upp að friðlýstu svæði sem er jaðarsvæði náttúruvættisins Skógarfoss. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir séu hæfilega langt frá mörkum friðlýsingar svo ekki þrengi að friðlýstu náttúruvætti og jaðarsvæði þess.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Björn Stefánsson
Sérfræðingur